11 31. jan. **Brjef landshöfðingja *til biskups* um flutning kirkju.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 20. þ. m., og þar með fylgjandi skilríki, vil jeg hjer með samkvæmt tillögum yðar í þóknanlegu brjefi, dags. 31. okt. f. á. eptir löglegan undirbúning samkvæmt 12. gr. í lögum nr. 5, 27. febr. 1880 og eptir 4. gr. í lögum nr. 3 frá sama dato, samþykkja, að kirkjan á Hjaltabakka í Húnavatnsprófastsdæmi verið lögð niður sem kirkja, en ný kirkja fyrir söknina reist á verzlunarstaðnum Blönduósi, þó þannig, að kirkjugarðurinn verði eptirleiðis eins og til þessa á Hjaltabakka, og að hin gamla kirkja sje látin standa þar sem líkhús, og henni sje haldið við í sómasamlegu ástandi af söfnuðinum.

12 1. febr. **Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* um lántökuleyfi handa prestakalli til húsabygginga.** (Ágrip). — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi leyfi til þess að tekjur Skinnastaðaprestakalls væru veðbundnar fyrir láni, að upphæð 1100 kr., er endurgreiðist ásamt vöxtum með 6% á ári í 28 ár, til húsabóta á prestssetrinu, sumpart til að borga með baðstofuhús, 13½ al. á lengd og 6 ál. á breidd, sem þegar hefir verið byggt þar, sumpart til að byggja framhús 14 ál. á lengd og 6 ál. á breidd, búr 8 ál. á lengd og 5 ál. á breidd, svo og fjós og heyhlöðu. Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum að hin síðast töldu 4 hús verði gjörð á yfirstandandi ári; *að* húsin verði að öllu traust og vönduð, eptir því sem bezt gjörast byggingar þar í sveit; *að* presturinn vátryggi húsin gegn eldsvoða og haldi þeim í tryggingu; *að* húsin verði eign prestakallsins og presturinn haldi þeim vel við, svo að hann eða bú hans svari húsunum á sínum tíma í gildu standi, eða með fullu álagi; *að* helmingur lánsins verði ekki tekinn fyrr en öll húsin eru fullgjörð, og sannað er með löglegri skoðunargjörð og virðingargjörð undir umsjón prófasts, að húsagjörðin sje í alla staði vel af hendi leyst, og loks, *að* peningauppbót sú, sem brauðið fær nú úr landssjóði, gangi til greiðslu af borgana og vaxta af láninu.

13 24. febr.

Auglýsing
um póstmál.

Það auglýsist hjer með almenningi, að með 4. póstferð breytast burtfarardagar þeir, sem *vestanpóstinum* eru gjörðir í áætlun um ferðir landpóstanna 1894, dags. 27. nóv. f. á., frá millistöðvunum milli Ísafjarðar og Hjarðarholts á suðurleið, þannig, að pósti er heimilt að fara frá Vatnsfirði, Arngerðareyri, Bæ og Brunná degi fyrr en áætlunin greinir í 4.—14. ferð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 24. febrúar 1894.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.